

Nd.

137. Frumvarp

til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þar sem lagt hefir verið holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skólp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganefndar eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skólpræsa innan húss og utan. Í reglugerðinni má ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsin. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin óðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum samkvæmt lögum þessum, hefir bæjarstjórnin lögveð í húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum samkvæmt samningi.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins og sömuleiðis kostnaður, er leiðir af því, að gerðar eru steinlimdar, hellulagðar eða aðrar jafnvandaðar

gangstjettir, greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa- og gangstjettaskatt á hús og lóðir i bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstjettir verða lagðar.

3. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum og gjöldum samkvæmt lögum þessum.